

Það sem kirkjan þarfnast

Herra ritstjóri!

Í „Þjóðólfi“ 21. júní, er grein eftir skáldið Grjetar Fells, sem heitir „Kirkjan og þjóðlífið“, þykir honum á vanta, að kirkjan „hafi yfir að ráða því sem á erlendu máli er nefnt „Mystik“, en vjer höfum naumast orð yfir á íslensku“.

Orðið mystik er að rekja til grísku sagnarinnar myein, sem þýðir bæði að loka augunum og að hafa aftur augun. Mystes (flt. mystai) var hjá Forn-Grikkjum nafn á þinni óæðri tegund dulhelga þátttakenda, en það voru þeir sem aðeins sáu hugsjónir, það sem sjeð verður, þó að augun sjeu aftur. Epoptai (eint. epoptes, áhorfandi, skoðandi) voru þeir nefndir, sem lengra voru komnir og sáu opnum augum, þ. e. líkamningar áttu sjer stað á samkomum þeirra. Og að vísu voru þessar dulhelgar (mysteria), vísir þess sem mjög merkilegt hefði getað orðið, en aldrei komst verulega á framfaraleið, vegna þess að þar var of mikið af dulrænu (mystik), en of lítið af þekkingu. Og væri vissulega vel að verið, ef kirkjan kæmi því sem í dulhelgum (mysterium) var til stefnt, í rjett horf. En til þess þarf ekki annað en að kirkjan færi sjer í nyt nýja þekkingu, og verði þannig vísindaleg stofnun. Þekking þarf að koma í stað dulrænu og trúar. Menn verða að hafa glögga vitneskju um, eigi einungis, að lifað er eftir dauðenn, heldur einnig um það, hvernig lifað er, og að samband það sem vjer eigum að sækjast eftir, og auðvelt verður að öðlast, þegar viðtæk samtök eru gerð, af þekkingu en ekki neinum neinum óljósum dulrænuhugmyndum er ekki við neinn óskiljanlegan andaheim, heldur við fullkomnara jarðlíf á öðrum jarðstjörnum alheimsins. Jeg bygg að framtíð kirkjunnar sje mest undir því komin, hvort hún getur orðið vísindaleg stofnun, sambandsstofnun af þeirri tegund sem mannkyni jarðar vorrar er svo mikil nauðsyn á, og þar sem óefað mun verða mikil þörf fyrir virðulega menn, sem vel eru máli farnir. Þarf ekki að efa, að þær samkomur munu verða vel sóttar, þar sem eigi einungis verður kostur aukinnar lífsmagnanar, aukins lífsfjörs, heldur einnig rjetta af framlidnum ástvinum og öðrum. Og eigi einungis það, heldur einnig þess, að fá að sjá þá eigin augum, að nokkru leyti á samkomunum sjálfum, en þó enn á betur í draumi eftirá, draumi nálega svo skýrum sem dagvitund væri.

23. júní

Helgi Pjeturss.